

## Ályktun aðalfundar Einhverfusamtakanna 2026 – 28. apríl 2026

Skólaforðun, skólasóknarvandi eða skólahöfnun lýsir þeirri stöðu þegar barn nær ekki að mæta í skóla vegna þess að skólaumhverfi, stuðningur, skipulag eða kröfur námsins eru ekki í samræmi við getu og þarfir barnsins.

Öll börn eiga rétt á menntun, stuðningi og námsumhverfi við hæfi. Sá réttur má ekki ráðast af því hversu lengi foreldrar geta barist fyrir þjónustu, hvaða skóla barn sækir eða í hvaða sveitarfélagi það býr.

Reynsla Einhverfusamtakanna sýnir að fjölmargar fjölskyldur mæta skilningsleysi, úrræðaleysi og óskýrri ábyrgð þegar barn getur ekki mætt í hefðbundið skólaumhverfi. Ábyrgðin er ítrekað færð yfir á foreldra í stað þess að skoða sé hvað þurfi að breytast í skólasterfinu, umhverfinu, samskiptum, mönnun og stuðningi.

Stórir bekkir, síbreytilegir hópar, mikið skynáreiti, ófyrirsjáanleiki, skortur á rólegum rýmum, takmörkuð sérfræðiþekking og ónógur einstaklingsmiðaður stuðningur geta gert skólaumhverfi óaðgengilegt fyrir einhverf börn.

Þegar barn getur ekki mætt í skóla þarf ekki meiri þrýsting á barnið eða foreldra þess. Það þarf að skoða og greina hvað í aðstæðum barnsins þarf að breytast svo það geti upplifað öryggi og átt raunhæfa leið til þátttöku í skólasterfi.

Einhverfusamtökin skora á ríki og sveitarfélög að axla ábyrgð á stöðu barna sem njóta ekki fullrar og raunhæfrar þátttöku í skólasterfi.

Tryggja þarf markvissa skráningu, eftirlit og eftirfylgd þannig að umfang vandans sé sýnilegt og hægt sé að bregðast við með raunverulegum úrræðum.

Jafnframt þarf að tryggja að fjármagn sem úthlutað er vegna metinna stuðningsþarfa barns skili sér í raunverulegum stuðningi við barnið og renni ekki inn í almennan rekstur skóla.

Einhverfusamtökin skora jafnframt á frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningum að gera foreldrum og almenningi skýra grein fyrir því hvernig þeir hyggjast bregðast við stöðu barna sem ná ekki raunhæfri þátttöku í skólasterfi og tryggja að réttindi þeirra séu virt og þörfum þeirra mætt innan veggja skólans.

**Ekkert barn á að standa utan skóla vegna þess að kerfið nær ekki að mæta þörfum þess.**